

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

683. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. febrúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Ingibjargar Ölmur Benjamínsdóttur.
2. Ímynd Norðurlands – Ráðstefna.
3. Bréf UMFÍ.
4. Undirskriftalisti v/ tómsundaaksturs.
5. Bréf Gísla G. Magnússonar og Páls Jóhannessonar v/ tómsundaaksturs.
6. Bréf Sigrúnar E. Arnardóttur v/ tómsundaaksturs.
7. Bréf Karls B. Örvarssonar.
8. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra.
9. Starf íþróttar- og tómsundafulltrúa.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Ingibjargar Ölmur Benjamínsdóttur dags. 17. febrúar sl. þar sem hún segir upp samningi um húsaleigu fasteignarinnar að Hvammstangaþraut 16 e.h. Byggðarráð fellst á uppsögnina og felur sveitarstjóra að hafa samband við bréfitara.
2. Til kynningar lögð fram dagskrá rástefnu um „Ímynd Norðurlands“ sem Markaðsskrifstofa Norðurlands stendur fyrir á Akureyri þann 28. febrúar nk.
3. Lagt fram bréf UMFÍ þar sem sveitarstjórnin í landinu er gerð grein fyrir umsóknarferli vegna fyrsta Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2011.
4. Fram lagður undirskriftalisti þar sem gerðar eru athugasemdir við breytingar á akstursstyrkjum vegna tómsundaiðkunar barna er búa í dreifbýli. Sjá afgreiðslu 6. liðar fundargerðarinnar.
5. Fram lagt bréf Gísla G. Magnússonar og Páls Jóhannessonar þar sem gerðar eru athugasemdir við breytingar á akstursstyrkjum vegna tómsundaiðkunar barna er búa í dreifbýli. Sjá afgreiðslu 6. liðar fundargerðarinnar.
6. Fram lagt bréf Sigrúnar Elísabetar Arnardóttur þar sem gerðar eru athugasemdir við breytingar á akstursstyrkjum vegna tómsundaiðkunar barna er búa í dreifbýli. Vegna 4., 5. og 6. liðar fundargerðarinnar samþykkir byggðarráð að í tengslum við fyrirhugað útboð skólaaksturs verði gengið úr skugga um heimildir sveitarfélagsins til að seinka heimferð skólabarna. Séu slíkar heimildir fyrir hendi þrátt fyrir ákvæði reglugerðar um skólaakstur nr. 656/2009 er unnt að meta kosti og galla þess að samræma íþróttar- og tómsundastarf í sveitarfélaginu og stilla það saman við heimferð skólabíla seinnihluta dags. Jafnframt samþykkir byggðarráð að vísa framkomnum erindum til endurskoðunar fjárhagsáætlunar í vor.
Byggðarráð vill áréttar að um sl. áramót voru viðmið um akstursstyrki í sveitarfélaginu samræmd. Þrátt fyrir þá samræmingu er ljóst að aldrei verður unnt að jafna að fullu aðstöðumun allra þeirra sem rétt eiga á umræddum styrkjum. Til að fara yfir þau atriði sem fjallað er um í framlögðum erindum og undirskriftarlista samþykkir byggðarráð að fela sveitarstjóra, formanni byggðarráðs og oddvita að eiga viðræður við fulltrúa bréfitara.

7. Bréf Karls B. Örvarssonar lagt fram en þar er vakin athygli á því að á árinu 2011 eru 80 ár liðin frá því að kennsla hófst í Reykjaskóla í Hrútafirði. Bréfitari telur tilhlýðilegt að þessara tímamóta verði minnst á einhvern hátt og lýsir sig reiðubúinn til samstarfs þar um við sveitarstjórn Húnaþings vestra. Byggðarráð er sammála því að vert sé að minnast tímamótanna og felur sveitarstjóra og formanni byggðarráðs að ræða við Karl um atriði er málinu tengjast.
8. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir stöðu viðræðna við fulltrúa Brunavarna Húnaþings vestra, en fyrir liggja drög að samkomulagi sem nú er til skoðunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
9. Starf íþrótt- og tómsundafulltrúa. Rætt um mögulegar breytingar á störfum íþrótt- og tómsundafulltrúa í framhaldi af hugmyndum sem kynntar voru á síðasta fundi byggðarráðs. Byggðarráð felur formanni byggðarráðs og sveitarstjóra að afla upplýsinga um atriði sem rætt var um á fundinum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Fram lagðar til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 4. og 8. febrúar sl. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri skýrði einstaka liði fundargerðanna.
11. Fram lagður úrskurður yfirfasteignamatnefndar í máli nr. 23/2010 um álagningu fasteignaskatts á hesthús í þéttbýli. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 2. desember sl. að álagningin verði skv. a-lið 3. mgr. 3.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt áður nefndum úrskurði er ljóst að álagning fasteignaskatts á hesthús í þéttbýli mun breytast á árinu 2012 og vera skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. áður nefndra laga.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.